

## **Tillaga um hækkun hvatapeninga**

### **Flutningsmaður Ingvar Arnarson**

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að hækka hvatapeninga úr 50.000 í 90.000 á barn, á aldrinum 5-18 ára.

Í fjárhagsáætlun 2020 er gert ráð fyrir 132 milljónum í hvatapeninga og má því gera ráð fyrir að sú tala yrði 235 milljónir fyrir árið 2021.

### **Greinagerð**

Kostnaður við þátttöku barna í íþrótt- og æskulýðsstarfi hefur aukist gífurlega á síðustu árum. Á þessum tímum þar sem tekjur heimila hafa að jafnaði lækkað er líklegt að börn dragi úr þáttöku í íþrótt- og æskulýðsstarfi er mikilvægt að Garðabær standi við bakið á barnafjölskyldum með hækkun hvatapeninga. Mikilvægt er að koma til móts við barnafjölskyldur og gefa börnum kost á að stunda íþrótt- og æskulýðsstarf og hvetja þau til þátttöku.

Einnig er mikilvægt er að tryggja að rekstur þeirra félaga sem bjóða upp á skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf verði áfram tryggur og með hækkun hvatapeninga er líklegar að börn og ungmenni í Garðabæ muni nota þá þjónustu sem þessi félög eru að bjóða upp á og þannig er Garðabær að styðja en frekar við rekstur þeirra félaga.